

39. fundur umhverfis, - skipulags- og bygginganefndar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn, þriðjudaginn 4. maí 2010.

Mætt: Vífill Þorfinnsson, Sigurður J. Jónsson, Kristján Úlfarsson, Björgvin Axel Gunnarsson, Jóhanna Helgadóttir sem ritaði fundargerð á tölvu og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri.

Fundur hófst kl. 12:10.

Á dagskrá:

1. Umsókn um byggingarleyfi fyrir vélageymslu á Brúarási, frá Kristni Lárussyni. Meðfylgjandi eru teikningar og afstöðumynd. Erindið samþykkt samhljóða.
2. Ný umsókn um byggingarleyfi á bílskúr á Fjarðarvegi 45, frá Sigurði Ragnari Kristinssyni. Einnig er sótt um endurbætur á íbúðarhúsnæðinu á sama heimilisfangi, skipta um glugga, breyta þakskeggi og klæða íbúðarhúsnæði og bílskúr. Samband var haft við byggingafulltrúa og fór hann yfir þetta mál með nefndinni. Eldvarnarfulltrúi sat fundinn. Erindið samþykkt með fyrirvara um fullnægjandi teikningar. Tveir sátu hjá.
3. Umsókn frá eiganda að Sunnuvegi 6. Lagt fram til kynningar.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:40.

